

59
6. júlí

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

34. gr.

Framkvæmdarstjórn skal stöðugt halda nákvæmar skýrslur um alla síld, sem söltuð hefir verið, krydduð, eða verkuð á annan hátt til útflutnings. Framkvæmdarstjórnin skal og jafnan, svo sem unt er afla upplýsinga um þá síldveiði í öðrum löndum, er áhrif gæti haft á sölu íslenskrar síldar, og yfir höfuð kynna sjer allar markaðshorfur eftir föngum.

35. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, varða sektum frá 1000 til 50000 krónum. Ef brot er ítrekað getur einkasalan neitað að taka síld til sölu og útflutnings, frá þeim er brotið hafa.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist hjer með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

60
11. júlí

SAMÞYKT

um

síldarveiði með herpinótum á fjörðum inn úr Húnaflóa.

1. gr.

Innan beinna lína, er hugsast dregnar frá Drangaskörðum í Ljetthöfða, þaðan í Skriflusker og frá Skrifluskeri í Veturmáfasker, er öllum óheimil síldarveiði, með herpinót, á hvaða tíma árs sem er.

2. gr.

Hreppstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþykta-svæðinu, er sjerstaklega falin umsjón með að samþykt þessari sje hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi

úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppstjóri á heima í. **60**
11. júlí

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum alt að 500 krónum, og skal helmingur þeirra falla til uppljóstrarmanns, en hinn helmingur í sveitarsjóð þess hrepps, er liggur að því svæði, er brot er framið á. Sje uppljóstrarmaður fenginn til eftirlits gegn sjerstakri borgun, samkv. 2. gr., skulu allar sektirnar falla í sveitarsjóð þess hrepps, er eftirlitið kostar.

4. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 85, 14. nóv. 1917, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júlí 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

HAFNARREGLUGJÖRÐ

fyrir

Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir ráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugjörð fyrir Siglufjarðarkaupstað:

I. KAFLI.

Takmörkun hafnarinnar.

1. gr.

Siglufjarðarhöfn tekur yfir Siglufjörð innan línu, sem hugsast dregin úr Siglunestá í Djúpavog norðan Landsenda.

61
18. júlí